

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um hugmyndasamkeppni um kjarnasamfélög

Lagt er til að stigið verði næsta skref við þróun tilraunaverkefnis um kjarnasamfélög (co-housing) eins og kveðið er á um í samstarfssáttmála samstarfsflokka og aðgerðaráætlun samstarfsflokka sem samþykkt var í borgarastjórn 4. mars s.l. með því að fela skrifstofu skipulags- og byggingamála á umhverfis- og skipulagssviði að vinna grunn að hugmyndasamkeppni um kjarnasamfélög. Lagt er upp með að þróa kjarnasamfélög á tveimur lóðum, Laugavegi 159 og Yrsufelli 2a-i. Grunnurinn og umgjörð hugmyndasamkeppninnar verði meðal annars unnið upp úr þeirri greiningu og rannsóknarvinnu á kjarnasamfélögum sem kynnt hefur verið. Byggt verði á gildum og viðmiðum sem einkenna kjarnasamfélög.

Greinargerð:

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna frá 21. febrúar 2025 er kveðið á um að huga skuli að fjölbreyttu búsetuformi og kjarnasamfélögum (e. co-housing). Aðgerðaráætlun samstarfsflokka sem byggir á samstarfssáttmálanum var samþykkt í borgarastjórn 4. mars 2025. Ein aðgerða er tillaga um tilraunaverkefni um kjarnasamfélag þar sem umhverfis- og skipulagsráði er falið að greina mögulega staðsetningu fyrir tilraunaverkefni um kjarnasamfélög (e. co-housing) og móta ramma í kringum tilraunaverkefnið.

Greiningar- og rannsóknarvinna á mismunandi formum kjarnasafélaga til undirbúnings tilraunaverkefninu var unnin sumarið 2025 af Þórhildi Bryndísi Guðmundsdóttur og kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsráði 3. september s.l. Efniviðurinn mun nýtast vel til að leggja grunn að tilraunaverkefninu og hugmynndsamkeppni um reitina tvo sem lagt er upp með að nýta í tilraunaverkefnið.

Kjarnasamfélög eru til þess fallin að styðja við félagsleg tengsl, samvinnu og samnýtingu og vinna gegn einangrun og er þannig félagslega og umhverfislega sjálfbært búsetuform.